Enska – 9. bekkur

Kennarar

Tinna Eyjólfsdóttir,
tinna.eyjolfsdottir@reykjavik.is

Arnór Hauksson,
arnor.hauksson@reykjavik.is

Lýsing

Enska er kennd í fjórar og hálfa kennslustund á viku í þremur klukkustundarlöngum lotum. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið

Að öðlast kunnáttu í ólíkum tungumálum og fá kynni af öðrum menningarheimum og efla þannig vitsmunaþroska, víðsýni og umburðarlyndi. Enska er mikilvægt alþjóðlegt samskiptamál sem skiptir sköpum í viðskiptum, tækni, menningu og æðri menntun.

Náms- og matsþættir í ensku eru:

- Hlustun og áhorf
- Lestur og lesskilningur
- Frásögn
- Samskipti
- Ritun
- Menningarlæsi

Námsefni

- Spotlight 9
- Skáldsögur að eigin vali
- Námsefni og vinnuhefti frá kennurum

Kennsluaðferðir

Kennslustundir hefjast á að kennari útskýrir viðfangsefni kennslustundarinnar og lagt er upp úr að allir taki þátt í umræðum um efnið út frá samræðumiðaðri kennslu. Þeir sem þurfa frekari útskýringar fá þær með einstaklingsmiðaðri leiðsögn.

Nemendur vinna svo sjálfstætt eða í félagi við samnemendur að viðfangsefnum kennslustundarinnar. Kennari aðstoðar eftir þörfum.

Lokamat byggist á hæfnikorti nemenda þar sem námsmat úr verkefnum og prófum vetrarins er birt. Það er á ábyrgð nemanda að vinna eftir og fylgja fyrirmælum, skila verkefnum og mæta í próf.

Námsmat

Námsmat í ensku er í formi skriflegra prófa, einstaklings- og hópverkefna og kynninga.

Nám og kennsla eru skipulögð út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Námslotur

1. lota:

Spotlight 9 – Unit 1: All You Need is Love

Nemendur lesa ólíka texta og þjálfa lesskilning og læra nýjan orðaforða ásamt málfræðiþáttum.

Námsmat er í formi skriflegra prófa: lesskilningsprófs og orðaforða- og málfræðiprófs.

2. lota:

Growth Mindset

Nemendur hlusta saman á stutta þætti um vaxtarhugarfar og vinna verkefnahefti með þáttunum.

Námsmat byggist á virkni og vinnuhefti.

3. lota:

Kynningarverkefni

Nemendur vinna með samskiptafærni og frásagnarfærni og flytja kynningarverkefni

Námsmat er samskipti í kennslustundum og frásögn.

4. lota:

Spotlight 9 – Unit3: Fantasy

Nemendur lesa ólíka texta og þjálfa lesskilning og læra nýjan orðaforða ásamt málfræðiþáttum.

Námsmat er í formi skriflegra prófa: lesskilningsprófs og orðaforða- og málfræðiprófs.

5. lota:

Ritunarverkefni

Nemendur þjálfa ritunarfærni sína með ýmsum æfingum.

Námsmat er ritunarverkefni

6. lota:

Bókmenntaverkefni: The Black Cat

Nemendur hlusta saman á stutta skáldsögu í kennslustundum og vinna með orðaforða úr henni í vinnuhefti. Í lokin gera nemendur fjölbreytt textaverkefni upp úr sögunni og skila textaverkefnum á plakati eða bæklingsformi.

Námsmat er vinnuhefti og skilaverkefni.

7. lota:

Kynningarverkefni

Nemendur vinna með samskiptafærni og frásagnarfærni og flytja kynningarverkefni.

Lesskilningsæfingar og lesskilningspróf.

Námsmat er samskipti í kennslustundum, kynning og lesskilningspróf.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá

Unnið verður með eftirfarandi hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla:

- Hlustun og áhorf:
  - Frásagnir og kynningar
  - Fjöl- og myndmiðlar
  - Greining upplýsinga
- Lestur og lesskilningur:
  - Greining aðalatriða
  - Rauntextar
  - Bókmenntir
  - Aðrar námsgreinar
  - Orðaforði
- Samskipti:
  - Óformlegt samtal
  - Almenn samskipti
  - Samræður
- Frásögn:
  - Tjáning
  - Frásögn og kynning
  - Flutningur
  - Framsögn
- Rúmfræði og mælingar:
  - Samfelldur texti
  - Málnotkun
  - Endursögn
  - Persónuleg reynsla
  - Skapandi ritun
- Menningarlæsi:
  - Samfélag
  - Fjölbreytileiki
  - Skyldleiki og afbrigði tungumála